

Borgarráð

***Starfshópur um endurskoðun á framkvæmd framlínuþjónustu allra fagsviða***

Hjálögð drög að erindisbréfi starfshóps um endurskoðun á framkvæmd framlínuþjónustu allra fagsviða eru lögð fram til kynningar.

Greinargerð:

Borgarráð samþykkti þann 22. desember 2016 að endurskoða framkvæmd framlínuþjónustu allra fagsviða og fól borgarritara útfærslu og framkvæmd. Framkvæmd framlínuþjónustu allra fagsviða og tengsl við þjónustustaði verði endurskoðuð með áherslu á samræmingu, bættu þjónustu við íbúa og hagræðingu með því að koma í veg fyrir tvíverknað og með samnýtingu á starfsfólki, húsnæði, búnaði o.fl. Hugað verði að skilum stefnumótunar og eftirlits og framkvæmdar þjónustu í þessari vinnu.

Stefán Eiríksson  
borgarritari

Hjálagt:

Drög að erindisbréfi starfshóps um endurskoðun á framkvæmd framlínuþjónustu allra fagsviða.

## ERINDISBRÉF

### Starfshópur um endurskoðun á framkvæmd framlínuþjónustu allra fagsviða

**Ábyrgðarmaður:**

Borgarritari.

**Hlutverk:**

Borgarráð samþykkti þann 22. desember 2016 að endurskoða framkvæmd framlínuþjónustu allra fagsviða og fól borgarritara útfærslu og framkvæmd. Framkvæmd framlínuþjónustu allra fagsviða og tengsl við þjónustustaði verði endurskoðuð með áherslu á samræmingu, bættu þjónustu við íbúa og hagræðingu með því að koma í veg fyrir tvíverknað og með samnýtingu á starfsfólki, húsnæði, búnaði o.fl. Hugað verði að skilum stefnumótunar og eftirlits og framkvæmdar þjónustu í þessari vinnu.

**Helstu verkefni:**

- Tillögur um endurskoðaða framkvæmd framlínuþjónustu með áherslu á samræmingu, bættu þjónustu við íbúa, hagræðingu og skil á milli stefnumótunar og eftirlits annars vegar og framkvæmdar þjónustu hins vegar.
- Rýning á hagræðingartækifærum sem gætu falist í almennri breytingu og samræmingu á framlínuþjónustu borgarinnar, þ.e. þjónustumiðstöðva, þjónustuvers og jafnvel fleiri starfsstaða er veita þjónustu.
- Framkvæmd verkefnagreiningar yfir lengri tíma, t.d. 35 daga, á þjónustumiðstöðvum og í þjónustuveri á Höfðatorgi. Gerðar verði mælingar er nái a.m.k. til tegundar erinda, tíma dags, fjölda símtala, heimsóknna og annarra afgreiðsla.
- Jafnréttismat: Mikilvægt er að jafnréttissjónarmiða sé gætt við frekari útfærslu hagræðingatillögunnar og í komandi vinnu og eftirfylgni.
- Kostnaðarmat/sparnaður tillagna.

**Starfshópurinn skipa:**

Óskar J. Sandholt, skrifstofustjóri skrifstofu þjónustu og reksturs (formaður).

Anna Kristinsdóttir, mannréttindastjóri.

Sviðsstjóri velferðarsviðs.

Agnes Sif Andrésdóttir, starfandi fjármálastjóri velferðarsviðs.

Framkvæmdastjórnar þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar.

Fulltrúar annarra fagsviða eftir framvindu hagræðingarvinnu Reykjavíkurborgar.

**Starfsmaður:**

Starfsmenn skrifstofu þjónustu og reksturs, mannréttindaskrifstofu og velferðarsviðs eftir atvikum og vinnu hópsins.

**Til ráðgjafar og samstarfs:**

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu og hafi samráð við sviðsstjóra fagsviða. Hópurinn hafi samráð við starfshóp um framlínuþjónustu þjónustumiðstöðva velferðarsviðs og byggi á greiningum hans.

**Starfstímabil:**

Starfshópur skili ábyrgðarmanni áfanganiðurstöðum fyrir lok maí 2017. Lokaskil í samræmi við verkáætlun stýrihóps um hagræðingaraðgerðir Reykjavíkurborgar.

Reykjavík, [Dags.]

Stefán Eiríksson